

Nd.

716. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

- a. Helmingsframlag veitist til kaupa á bestaverkfærum til jarðvinnslu.
- b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og spunavélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn húnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegum verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.